

Mánudagurinn 28. ágúst 2000

146. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 25/2000

Staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar

nr. 1/2000 frá 3. ágúst 2000.

**Auglýsingar Húsasmiðjunnar hf. með
yfirskriftinni „Hvergi betra verð“**

I.

Málavextir

1.

Í bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 29. nóvember 1999, kvartar BYKO hf. yfir auglýsingum Húsasmiðjunnar hf. þar sem m.a. segir í yfirskrift „Hvergi betra verð“. Samkeppnisstofnun sendi bréfið til umsagnar Húsasmiðjunnar og í svari fyrirtækisins, dags. 7. desember 1999, segir m.a.:

„Þess skal getið að auglýsingar þær sem kært er út af birtust í tvígang í blöðum og hafa ekki birst eftir það, og er ekki ætlun Húsasmiðjunnar hf. að birta þessa auglýsingu til frambúðar.“

Í ljósi þessa taldi Samkeppnisstofnun ekki ástæðu til frekari aðgerða í málinu og var málsaðilum tilkynnt það með bréfi, dags. 8. desember 1999.

2.

Þrátt fyrir þessi málalok tóku auglýsingar frá Húsasmiðjunni með yfirskriftinni „Hvergi betra verð“ að birtast aftur í dagblöðum sl. vor. Í tölvupósti til Húsasmiðjunnar, þann 5. júní 2000, áréttaði Samkeppnisstofnun að í bréfi fyrirtækisins frá 7. desember 1999, hefði komið fram að slíkar auglýsingar myndu ekki birtast aftur. Í svari fyrirtækisins, sama dag, segir m.a.:

„...í ljósi framferðis BYKO sáu menn ekki ástæðu til að standa við fyrri ákvörðun.“

3.

Með bréfi, þann 15. júní sl., beindi Samkeppnisstofnun þeim tilmælum til Húsasmiðjunnar að hætta að birta auglýsingar með yfirskriftinni „*Hvergi betra verð*“ eða að öðrum kosti koma á framfæri við stofnunina sönnunum þeim sem auglýsingarnar byggðust á. Jafnframt kom fram að þetta skyldi gert til að tryggja að auglýsingarnar brytu ekki í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Húsasmiðjunni var veittur tíu daga frestur til að koma að athugasemdum.

Athugasemdir Húsasmiðjunnar bárust í tölvupósti, þann 23. júní sl., og eru þar ekki færðar sannanir fyrir fullyrðingum auglýsinga fyrirtækisins. Aftur á móti er í tölvupóstinum vísað til auglýsinga keppinautar Húsasmiðjunnar á byggingavörumarkaðnum og segir m.a.:

„Húsasmiðjan hf. hefur hingað til farið að settum reglum í þjóðfélaginu og mun gera slíkt áfram, en getur ekki staðið til hliðar ef aðrir brjóta þessar reglur og slíkt kemur niður á Húsasmiðjunni hf. Húsasmiðjan hf. þarf að gæta hagsmuna sinna og hluthafa sinna í þessum málum og verður því að bregðast við með viðeigandi hætti.“

4.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 23. júní sl., var Húsasmiðjunni bent á að mál BYKO og mál Húsasmiðjunnar væru tvö aðskilin mál hjá stofnuninni. Jafnframt var tekið fram að meint brot eins aðila á samkeppnislögum réttlæti aldrei brot annars. Síðan segir:

„Í svari yðar eru ekki færðar sannanir fyrir þeim fullyrðingum sem fram koma í auglýsingum Húsasmiðjunnar með yfirskriftinni „Hvergi betra verð“, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 15. júní sl. Samkeppnisstofnun lítur því svo á að slíkar auglýsingar muni ekki birtast aftur.“

Ef framangreint er ekki á rökum reist og þér viljið koma að athugasemdum þurfa þær vinsamlegast að hafa borist Samkeppnisstofnun innan tíu daga frá dagsetningu þessa bréfs. Málið mun þá tekið til frekari málsmeðferðar samkeppnisyfirvalda.“

Skriflegar athugasemdir bárust ekki frá Húsasmiðjunni en í símtali við starfsmann Samkeppnisstofnunar, þann 6. júlí sl., kom fram að ætlun Húsasmiðjunnar væri að hætta birtingu slíkra auglýsinga.

5.

Þrátt fyrir tilmæli Samkeppnisstofnunar og yfirlýsingu starfsmanns Húsasmiðjunnar birtist heilsíðuauglýsing frá fyrirtækinu í Morgunblaðinu, þann 13. júlí 2000, með yfirskriftinni „*Hvergi betra verð*“. Í ljósi þessa og að Húsasmiðjan hafði ekki á nokkurn hátt reynt að færa sönnur á fullyrðingar auglýsinganna tilkynnti Samkeppnisstofnun fyrirtækinu með bréfi, dags. 13. júlí sl., að stofnunin hyggðist taka ákvörðun til bráðabirgða í máli þessu, sbr. 8. gr. samkeppnislaga, og beita viðurlögum skv. XIII. kafla sömu laga. Jafnframt var Húsasmiðjunni gefinn sólarhringsfrestur til að koma að athugasemdum.

Athugasemdir Húsasmiðjunnar eru dags. 17. júlí 2000. Enn sem fyrr er þar ekki að finna rök fyrir fullyrðingu auglýsinganna, en aftur á móti er óskað fundar með Samkeppnisstofnun. Var sá fundur haldinn 19. júlí sl. Niðurstaða fundarins var m.a. sú að Húsasmiðjan myndi lýsa því yfir skriflega við Samkeppnisstofnun að fyrirtækið hætti notkun fullyrðingarinnar „*Hvergi betra verð*“. Samkeppnisstofnun liti þá svo á að sátt hefði náðst í málinu sbr. 14. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 672/1994.

Hinn 20. júlí 2000 birtist í Morgunblaðinu auglýsing frá Húsasmiðjunni með yfirskriftinni „*Besta verðið í Húsasmiðjunni*“.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til Húsasmiðjunnar dags. sama dag, tilkynnir Samkeppnisstofnun að hún telji að um sé að ræða sömu fullyrðingu og áður þrátt fyrir aðeins annað orðalag. Þá segir í bréfinu:

„Hafi Húsasmiðjan ekki fært sannanir á fullyrðingar sínar fyrir kl. 15:00 þann 21. júlí nk. eða lýst því yfir að fyrirtækið muni ekki fullyrða í auglýsingum að besta verðið sé í Húsasmiðjunni, án fullnægjandi sannana, mun Samkeppnisstofnun taka ákvörðun til bráðabirgða í máli þessu, sbr. 8. gr. samkeppnislaga og banna slíkar auglýsingar Húsasmiðjunnar. Jafnframt tilkynnist yður að viðurlögum skv. XIII. kafla sömu laga verða beitt.“

Með bréfi Húsasmiðjunnar til Samkeppnisstofnunar, sent með tölvupósti 20. júlí sl. lýsir Húsasmiðjan því yfir að auglýsingunni verði breytt og að auglýsingu með yfirskriftinni „*Hvergi betra verð*“ verði breytt.

Hinn 21. júlí sl. sendi Samkeppnisstofnun bréf til Húsasmiðjunnar þar sem segir m.a.:

„Samkeppnisstofnun telur að með bréfi yðar dags. 20. júlí 2000, hafi komist á sátt, sbr. 14. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda, um að Húsasmiðjan muni ekki fullyrða, með einum eða öðrum hætti, í auglýsingum sínum, án fullnægjandi sannana, að Húsasmiðjan bjóði besta verðið.

Sbr. 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, gildir áðurnefnd sátt sem bann skv. 1. mgr. sömu greinar laganna.“

Í Morgunblaðinu 2. ágúst 2000 birtist aftur auglýsing frá Húsasmiðjunni með yfirskriftinni „Besta verðið í Húsasmiðjunni“.

II. Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs, þann 28. ágúst 2000, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Hrund Hafsteinsdóttir og Sigurbjörn Magnússon.

1.

Mál þetta fjallar um auglýsingar Húsasmiðjunnar með yfirskriftinni „Hvergi betra verð“ eða sambærilegu orðalagi. Í auglýsingunum er tilgreint verð ýmissa vara sem fást hjá Húsasmiðjunni, s.s. hitabrusa, garðkanna, gasgrilla og svefnpoka. Yfirskriftin birtist einnig með orðalaginu „Besta verðið í Húsasmiðjunni“, en að mati Samkeppnisstofnunar er um að ræða sömu fullyrðingu þrátt fyrir annað orðalag. Húsasmiðjan tjáði Samkeppnisstofnun í bréfi, dags. 7. desember 1999, að ekki væri ætlunin að birta slíkar auglýsingar framar. Engu að síður héldu auglýsingarnar áfram að birtast óbreyttar. Þrátt fyrir að Húsasmiðjunni hafi ítrekað verið boðið að sýna fram á að auglýsingarnar standist hefur fyrirtækið ekki gert það.

Með bréfi sendu með tölvupósti 20. júlí 2000 lýsti Húsasmiðjan því yfir að auglýsingunum yrði breytt. Á grundvelli þessa komst á sátt í skilningi 2. mgr. 51. gr. samkeppnislaga þess efnis að Húsasmiðjan myndi ekki fullyrða í auglýsingum sínum, með einum eða öðrum hætti, án fullnægjandi sannana, að Húsasmiðjan byði besta verðið. Var Húsasmiðjunni sent bréf þess efnis 21. júlí sl. Þrátt fyrir það birtist auglýsing frá Húsasmiðjunni í Morgunblaðinu 2. ágúst

2000 með yfirskriftinni „Besta verðið í Húsasmiðjunni“. Sú auglýsing felur í sér brot á umræddri sátt.

Samkeppnisstofnun telur að auglýsingar Húsasmiðjunnar með yfirskriftinni „Hvergi betra verð“, „Besta verðið í Húsasmiðjunni“ eða með öðrum sambærilegum fullyrðingum, sem gefa til kynna að betra verð finnist ekki á viðkomandi vörum á markaðnum, brjóti gegn 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og nefndri sátt.

Ákvæði 21. gr. samkeppnislaga kveður m.a. á um að í auglýsingum sé óheimilt að veita rangar eða villandi upplýsingar. Jafnframt skuli auglýsingar ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum sökum þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála.

Í 21. gr. samkeppnislaga er sett fram sú regla að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum. Lagaregla þessi var ekki aðeins sett fram til að vernda neytendur fyrir villandi upplýsingum heldur einnig til þess að vernda eðlilega samkeppni. Þannig segir í greininni að auglýsingar skuli ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum. Samkvæmt túlkun samkeppnisyfirvalda á fyrrnefndri 21. gr. gildir sú almenna regla að auglýsandi þurfi að geta fært sönnur á réttmæti staðhæfingar sem hann heldur fram. Á þetta jafnt við um auglýsingar þar sem efsta stig lýsingarorðs, s.s. bestur og ódýrastur er notað, sem aðrar auglýsingar. Í þessu felst m.a. að auglýsandi þurfi að hafa þekkingu á markaðnum sem studd sé hlutlausum gögnum sem sanni að fullyrðing sú sem haldið er fram í auglýsingunni standist.

Með vísan til framangreinds telur Samkeppnisstofnun að Húsasmiðjan hafi ekki fært sönnur á að „hvergi sé betra verð“ en í Húsasmiðjunni og að „besta verðið sé í Húsasmiðjunni“. Sama á við um aðrar sambærilegar fullyrðingar. Auglýsingarnar séu því brot á ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga þar sem þær séu villandi fyrir neytendur og ósanngjarnar gagnvart neytendum og keppinautum.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð staðfestir eftirfarandi bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 1/2000 frá 3. ágúst 2000 með vísan til forsendna hennar:

„Með heimild í 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 tekur Samkeppnisstofnun eftirfarandi ákvörðun:

Auglýsing Húsasmiðjunnar hf. „*Besta verðið í Húsasmiðjunni*“, sem birtist í Morgunblaðinu 2. ágúst 2000, brýtur gegn sátt sem Samkeppnisstofnun og Húsasmiðjan hf. hafa gert og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 51. gr. laganna. Noti Húsasmiðjan hf. fullyrðingarnar „*Hvergi betra verð*“ og „*Besta verðið í Húsasmiðjunni*“, eða aðrar sambærilegar, í auglýsingum sínum leggjast á dagsektir skv. 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, að upphæð kr. 100.000 fyrir hvern dag sem bannið er brotið.““